



Alþingi
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari
Skrifstofa Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 30. janúar 2009
2009010244/91/MH/aba

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingar á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

Landlæknisembættið þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á tóbaksvarnalögum sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum, m.a. um tilkynningarskyldu samkvæmt tilskipun 98/34/EB og til að samræma löggjöf okkar að öðrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins.

Ein af áhrifameiri forvörnum sem hægt er að beita til að bæta heilsu íslensku þjóðarinnar, draga úr tíðni sjúkdóma og fækka dauðsföllum, er að vinna að því að draga tóbaksneyslu. Landlæknisembættið telur að frumvarpið komi enn frekar á framfæri við fólk hversu skaðleg tóbaksnotkun er. Landlæknisembættið á fulltrúa í tóbaksvarnarráði, sem heyrir undir lýðheilsustöð, og tekur undir það sem fram kemur í umsögn Lýðheilsustöðvar.

Í þessu sambandi skal upplýst að landlæknir telur rétt að breytingar verði gerðar á reglugerð nr. 236/2003 um um viðvörðunarkerkingar á tóbaki og mælingarog hámark skaðlegra tóbaksefna. Þar segir í IV. kafla 14. gr.:

Framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara skulu árlega, í fyrsta sinn eigi síðar en 30. september 2003, láta landlækni í té skrá yfir öll innihaldsefni, ásamt magni þeirra, sem eru notuð við framleiðslu á þessum tóbaksvörum, eftir vöruheiti og tegund. Skránni skal fylgja:

1. yfirlýsing þar sem greint er frá ástæðum fyrir því að viðkomandi innihaldsefnum er bætt í þessar tóbaksvörur,
2. skýring á virkni innihaldsefnanna og flokkun þeirra,
3. eiturefnafræðilegar upplýsingar sem framleiðandinn eða innflytjandinn hefur aðgang að um innihaldsefnið í brunnu eða óbrunnu formi þeirra, eftir því sem við á, einkum að því er varðar áhrif þeirra á heilsu, að teknu tilliti m.a. til allra ávanabindandi áhrifa. Í skrá þessari skal innihaldsefnum vörunnar raðað eftir þyngd.


Landlæknir skal tryggja á viðhlítandi hátt miðlun þeirra upplýsinga sem veittar eru í samræmi við þessa grein, í því skyni að fræða neytendur. Samt sem áður skal tekið viðeigandi tillit til verndunar upplýsinga um sérstakar framleiðsluáðferðir sem eru viðskiptaleyndarmál.


Landlæknir skal tryggja að almenningur hafi aðgang að skránni yfir innihaldsefni hveittar vöru, þar sem fram kemur m.a. hve mikla tjöru, nikótín og kolsýring hún gefur frá sér.

Landlæknir skal árlega senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu öll gögn og upplýsingar sem lagðar eru fram samkvæmt þessari grein.

Landlæknisembættið telur ekki að það þetta verkefni falli undir skilgreint hlutverk landlæknis, skv. lögum nr. 41/2007. Þetta fellur betur að hlutverki Umhverfisstofnunar sem eftirlitsaðila með innihaldi vöru eða Lýðheilsustöðvar sem á að annast tóbaksvarnir.

Virðingarfyllst,


Matthías Halldórsson
Landlæknir


Anna Björg Aradóttir
yfirhjúkrunarfræðingut

Afrit: Heilbrigðisráðuneyti